



Samantekt fyrir Janúarráðstefnu Festu 2023

Vegvísir

Lög og reglur Evrópusambandsins um sjálfbærni

Vegvísir

Lög og reglur Evrópusambandsins um sjálfbærni

Um skjalið

Vegvísir þessi er gefinn út í tengslum við Janúarráðstefnu Festu 2023 og málstofu á ráðstefnunni um sjálfbærnilöggjöf Evrópusambandsins (ESB) og EES samningsins. Markmiðið er að gefa yfirsýn yfir nýmæli í löggjöf og aðferðafræði um sjálfbæran rekstur fyrirtækja og ábyrgar fjárfestingar. Tilvísanir eru bæði til reglugerða og tilskipana Evrópusambandsins, frumvarpa sem kynnt hafa verið varðandi innleiðingu gerða ESB hér á landi, auk annars hagnýts efnis. Fókusinn er á hlutverk fjármagns sem hreyfiafl á sjálfbærnivegferð fyrirtækja í raunhagkerfinu.

Vegvísirinn er unninn af vinnuhópi lögfræðinga sem rýndi og ræddi löggjöf sem tengist sjálfbærnivegferð ESB, í aðdraganda að Janúarráðstefnu Festu 2023. Í hópnum voru; Tómas Njáll Möller hópstjóri, Arnar Sveinn Harðarson, Eva Margrét Ævarsdóttir, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Hildur Sveinsdóttir, Stefán Árni Auðólfsson og Vilhjálmur Svansson. Festa þakkar starfshópnum sitt framlag til miðlunar upplýsinga um þennan mikilvæga málaflokk.

Efnisyfirlit

Inngangur - Grænn sáttmáli um sjálfbært hagkerfi ESB	2
I. Nokkrar lykilgerðir um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbæran rekstur	4
II. Þrjár gerðir ESB um sjálfbærni - Ráðgjöf og sjóðir	9
III. Sjálfbærniupplýsingar - Gildandi löggjöf	10
IV. Tvær gerðir í vinnslu - Flokkunarkerfi samfélagsþátta og virðisikeðjur	12
V. Um grænþvott	13
VI. Tímalína fyrir innleiðingu EU Taxonomy, SFDR og CSRD	15
VII. Áhrif sjálfbærni-regluverks ESB á lítil og meðalstór fyrirtæki	17

Fyrirvari

Yfirlitið er hvorki heildstæð né tæmandi upptalning. Það felur á engan hátt í sér ráðgjöf eða upplýsingar sem hægt er að byggja ákvarðanatöku á. Ábendingar eða hugmyndir að gagnlegum viðbótum eru vel þegnar á netfangið festa@samfelagsabyrgd.is

Inngangur – Grænn sáttmáli ESB um sjálfbært hagkerfi

Græni sáttmáli ESB - [A European Green Deal](#) – var kynntur til leiks 2019. Markmið hans er að leiða hagkerfi Evrópu að því að verða fyrsta loftslagshlutlausa hagkerfið.


Á vef framkvæmdastjórnar um græna sáttmála ESB segir:

Climate change and environmental degradation are an existential threat to Europe and the world. To overcome these challenges, the European Green Deal will transform the EU into a modern, resource-efficient, and competitive economy, ensuring:


- no net emissions of greenhouse gases by 2050*
- economic growth decoupled from resource use*
- no person and no place left behind*

The European Green Deal is also our lifeline out of the COVID-19 pandemic. One third of the €1.8 trillion investments from the Next Generation EU Recovery Plan, and the EU's seven-year budget will finance the European Green Deal.

Árið 2018 var gefin út aðgerðaráætlun um fjármögnun sjálfbærs vaxtar (e. Action Plan: Financing Sustainable Growth – [COM 2018-97](#)). Sú áætlun er nátengd [græna sáttmálanum](#), Parísarsáttmálanum 2015 og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sú áætlun var uppfærð árið 2021 (e. Strategy for Financing the Transition to a Sustainable Economy – [COM 2021-390](#)). Í uppfærðu áætluninni er meðal annars að finna skýringarmyndirnar tvær hér á næstu síðu.



This strategy identifies four main areas where additional actions are needed for the financial system to fully support the transition of the economy towards sustainability.



I. Nokkrar lykilgerðir ESB um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbæran rekstur

Hér er yfirlit yfir nokkrar lykilgerðir ESB sem eru hluti af aðgerðaráætlun sambandsins um fjármögnun sjálfbærs vaxtar, sbr. áætlun frá 2018 sem var uppfærð 2021, sjá nánar í inngangi.

- A. EU Taxonomy** – Reglugerð um flokkunarkerfi fyrir sjálfbæran rekstur fyrirtækja
- B. SFDR** – Reglugerð um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu
- C. CSRD** – Reglur um form og efni sjálfbærniupplýsinga fyrirtækja og fjárfesta
- D. EUGBS** – Rammi fyrir útgáfu grænna skuldabréfa
- E. EU Climate Benchmarks Regulation** – Reglugerð um sjálfbær fjárhagsleg viðmið
- F. UCITS, MiFID, AIFMD** – breytingar á þremur tilskipunum um samþættingu sjálfbærnisjónarmiða við fjárfestingaráðgjöf og rekstur sjóða

A. EU Taxonomy – flokkunarkerfi ESB fyrir sjálfbærar fjárfestingar: Reglugerð EU/2020/852

Flokkunarkerfi ESB í stuttu máli

Flokkunarkerfi ESB skilgreinir hvað telst umhverfislega sjálfbær starfsemi fyrirtækja. Þar eru sett viðmið sem skilgreina að hvaða marki atvinnustarfsemi telst umhverfislega sjálfbær og hversu sjálfbær rekstur fyrirtækja er heilt yfir; þá mælt sem hlutfall veltu, fjárfestingarútgjalda eða rekstrarkostnaðar. Flokkunarkerfið er liður í að vinna gegn grænþvotti. Hún gildir m.a. um stór fyrirtæki sem og stofnanafjárfesta eins og verðbréfasjóði, banka, tryggingafélög og lífeyrissjóði.

Umhverfismarkmiðin eru sex

1. Mildun loftslagsbreytinga
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
4. Umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og eftirlit
6. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Svo starfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf hún að stuðla verulega að einu eða fleiri þessara sex umhverfismarkmiða. Jafnframt má starfsemin ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum. Þá skal hún uppfylla tæknileg matsviðmið sem koma fram í „framseldum reglugerðum“ sem settar eru á grundvelli flokkunarreglugerðarinnar. Auk þess er gerð krafa um lágmarksverndarráðstafanir.

Efni um flokkunarreglugerðina

- Frumvarp til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestinga á Alþingi, [hér](#).
- EU Taxonomy reglugerðin í EUR-Lex, [hér](#)
- Íslensk útgáfa EU Taxonomy reglugerðarinnar í samráðsgátt stjórnvalda, [hér](#) (og [hér](#) er málið í samráðsgátt)
- Vefsvæði framkvæmdastjórnar ESB fyrir EU Taxonomy, [hér](#)
- Vefsvæði PRI fyrir EU Taxonomy, [hér](#)
- Rit frá PRI: Implementing the EU Taxonomy 2022, [hér](#)
- Yfirlitsgrein um inntak EU Taxonomy og upplýsingagjöf, EU Taxonomy and the Future of Reporting, frá Harvard Law School Forum on Corporate Governance, 4. apríl 2022, [hér](#)
- ESG Insider: A podcast from S&P Global, 13. Ausut 2021: „Defining green: What investors need to know about the EU taxonomy“, [hér](#)
- ESG Insider: A podcast from S&P Global, 5 March 2021 „Banks’ big green EU taxonomy challenge“, [hér](#)

Framseldar (e. delegated) reglugerðir fyrir EU Taxonomy

- **Grein 8 um gagnsæi fyrirtækja í skýrslum um sjálfbærni:** Commission Delegated Regulation (EU) 2021/2178 of 2021 supplementing Regulation (EU) 2020/852 [...] specifying content and presentation of information to be disclosed by undertakings subject to Articles 19a/29a of Directive 2013/34/EU concerning environmentally sustainable economic activities, and specifying methodology to comply with that obligation (Text with EEA relevance)
- **Um markmið 1 og 2 af 6 umhverfismarkmiðum EU Taxonomy:** Commission Delegated Regulation (EU) 2021/2139 of 4 June 2021 supplementing Regulation (EU) 2020/852 [...] establishing the technical screening criteria for determining the conditions under which an economic activity qualifies as contributing substantially to climate change mitigation or climate change adaptation and for determining whether that economic activity causes no significant harm to any of the other environmental objectives (Text with EEA relevance).
- **Framseld reglugerð ESB fyrir umhverfismarkmið 3 til 6:** Vætanlegt innan tíðar.
- **Grein 18 um lágmarksvernd félagslegra réttinda:** Tillögur frá Platform on Sustainable Finance, Final report on minimum safeguard, [hér](#)

B. SFDR – Upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu: Reglugerð EU/2019/2088

SFDR í nokkrum orðum

SFDR (Sustainable Financial Disclosure Regulation) varðar aðila á fjármálamarkaði eins og banka, verðbréfasjóði, lífeyrissjóði og tryggingafélög. Hún leggur línurnar um hvernig þeir skuli upplýsa endafjárfestinn (eiganda fjármunanna) hvernig eigi að stýra og veita upplýsingar um sjálfbærniáhættu í eignasöfnum. Eignasöfn skal flokka í þrjá flokka eftir áherslu á sjálfbærni:

- Gráir
- Ljósgrænir
- Grænir

Í reglugerðinni og framseldri reglugerð eru ítarlegar leiðbeiningar um skyldur stýrenda eignasafna og ráðgjafa. Áherslan er á bættu upplýsingagjöf, vinnu gegn grænþvotti, áhættustýringu, samþættingu UFS (Umhverfisþættir – Félagslegir þættir – Stjórnarhættir) greiningar í fjárfestingarferli og markvissari upplýsingagjöf.

Efni um SFDR reglugerðina

- Frumvarp til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar á Alþingi, [hér](#).
- SFDR í EUR-Lex, [hér](#)
- Íslensk útgáfa í samráðsgátt stjórnvalda, [hér](#) (og [hér](#) er málið í samráðsgátt)
- Rit frá PRI, Investor Briefing – EU regulation on Sustainability-related Disclosures in the Financial Services Sector 2022, [hér](#)
- ESG Insider: A podcast from S&P Global, 21 Mar. 2021: „New EU sustainable finance rules a ‘game-changer’ for private equity“, [hér](#)

Framseldar (e. delegated) reglugerð fyrir SFDR

- **Tæknilegir staðlar í reglugerð ESB:** Commission Delegated Regulation [\(EU\) 2022/1288](#) of 6 April 2022 supplementing Regulation (EU) 2019/2088 [...] with regard to regulatory technical standards specifying the details of the content and presentation of the information in relation to the principle of ‘do no significant harm’, specifying the content, methodologies and presentation of information in relation to sustainability indicators and adverse sustainability impacts, and the content and presentation of the information [...] in pre-contractual documents, websites and in periodic reports (Text with EEA relevance)

C. CSRD – Sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (tekur gildi innan ESB 2024)

CSRD tilskipunin (Corporate Sustainability Reporting Directive) kemur í stað gildandi tilskipunar um birtingu sjálfbærniupplýsinga, sbr. kafla III hér að neðan. Nýja regluverkið verður mun ítarlegra og gildissviðið víðtækara. Reglurnar munu þá ná til um 50.000 fyrirtækja í stað 11.000 innan ESB. Þar á meðal eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru skráð í kauphöll. Auk tilskipunarinnar verða gefnir út ítarlegri staðlar um sjálfbærniupplýsingar sem öllum verður skylt að fylgja.

Sjálfbærniupplýsingar verða hluti af ársreikningi og þær skulu endurskoðaðar af óháðum þriðja aðila. Upplýsingagjöfin skal vera á tölvutæku formi til að lækka kostnað og auka skilvirkni. Stjórnendur munu þurfa að gera grein fyrir áhættustýringu, viðskiptatækifærum, samskiptum við haghafa og stefnumótun fyrirtækis varðandi sjálfbærni. Fyrirtæki munu þurfa að útlista hvernig viðskiptamódelið og stefna samræmist sjálfbærnivegferð hagkerfisins og markmiðið um að takmarka hnattræna hlýnun við 1,5 gráðu í takt við Parísarsáttmálann.

Fyrirtæki sem hafa þegar lagað rekstur sinn að gildandi reglum um ófjárhaglega upplýsingagjöf ættu að vera mun betur í stakk búin fyrir innleiðingu nýrra reglna heldur en fyrirtæki sem eru komin skemur í sjálfbærnivegferð sinni. Með því að hefja undirbúning tímanlega ættu að vera aukin tækifæri til að nýta regluverkið til verðmætasköpunar og styrkingar á samkeppnishæfni.

Efni um CSRD, tilskipun ESB sem tekur gildi 2024

- Vefsvæði framkvæmdastjórnar ESB fyrir sjálfbærniupplýsingagjöf, [hér](#)
- Upplýsingasiða ráðherraráðs ESB um lokasamþykki CSRD, tímalína og fleira, [hér](#)
- CSRD tilskipunin samþykkt af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu, [hér](#)
- Upplýsingar frá PRI um innleiðingu CSRD, [hér](#)
- Drög að 14 stöðlum sem unnir voru af [EFRAG](#) um sjálfbærniupplýsingar, þvert á efnisflokka eins og umhverfi, samfélag og stjórnarhætti. Þeir eiga að leggja grunn að upplýsingagjöf skv. CSRD, [hér](#)
- Grein um það sem fyrirtæki þurfa að vita um væntanlega tilskipun CSRD, frá Harvard Law School Forum on Corporate Governance, 23. ágúst 2022, [hér](#)
- Grein um upplýsingaskyldu fyrirtækja skv. CSRD, frá Harvard Law School Forum on Corporate Governance, 11. desember 2022, [hér](#).
- Yfirlit yfir þróun reglna um sjálfbærniupplýsingar, EU/EFRAG, ISSB og SEC, „Navigating the ESG landscape: Comparison of the „Big Three“ Disclosure Proposal, frá Harvard Law School Forum on Corporate Governance, 11. október 2022, [hér](#).

D. EU Climate Benchmarks Regulation – Reglugerð um sjálfbær fjárhagsleg viðmið 2019/2089

Reglugerðin setur tvö ný fjárhagsleg viðmið um aðferðafræði stjórnenda vegna loftslagstengdra breytinga og UFS viðmiða. Sjálfbær fjárhagsleg viðmið eru vísitölur sem mæla árangur fjárfestingarsjóða sem fjárfesta í umhverfisvænum fjármálagerningum.

Sérfræðingar ESB hafa sagt að hefðbundnar vísitölur sýni ekki nógu vel langtímaáhættu og -tækifæri sem felast í sjálfbærnimálum. Hefðbundnar vísitölur sýni núverandi ástand en þær sýni UFS-þætti aðeins að því marki sem markaðurinn geri það sjálfur. Reglugerðin um sjálfbær fjárhagsleg viðmið á að sporna við þessu. Hún skyldar þá sem halda utan um vísitölur til að gera tvennt. Annars vegar að fylgja þar til gerðri aðferðafræði og hins vegar að veita almennar upplýsingar um sjálfbærniatriði. Reglugerðin var innleidd á Íslandi með lögum nr. 7/2021 um fjárhagsleg viðmið.

Efni um reglugerðina um sjálfbær fjárhagsleg viðmið

- Lög um fjárhagslegar viðmiðanir, [hér](#)
- Reglugerð um sjálfbærar fjárhagslegar viðmiðanir, [hér](#)
- Afleidd reglugerð (ESB) 2020/1816, [hér](#)
- Afleidd reglugerð (ESB) 2020/1817, [hér](#)
- Afleidd reglugerð (ESB) 2020/1818, [hér](#)
- Upplýsingasíða ESMA, [hér](#)
- Umfjöllun á vef KPMG í Finnlandi, [hér](#)

E. Standard for European Green Bonds (EU GBS) – Staðall fyrir evrópsk skuldabréf

ESB vinnur nú að staðli fyrir græn skuldabréf. Hann á að gera græn skuldabréf áreiðanlegri og trúverðugri, bæta gagnsæi og koma í veg fyrir grænpvott. Staðallinn verður fyrstur sinnar tegundar í regluverki ESB en byggir að hluta á meginreglum ICMA um græn skuldabréf. Framkvæmdastjórnin lagði fram frumvarp um gerð slíks regluverks í júlí 2021. Frumvarpið er nú til vinnslu hjá Evrópuþinginu og leiðtoga ráðinu. Það er til umræðu í ESB hvort öll græn skuldabréf gefin út innan ESB skuli lúta þessum staðali.

Nokkur lykilatriði í frumvarpinu

- **Aðlögun að EU Taxonomy:** Fjármunir, sem er aflað með grænum skuldabréfum, ættu að fara til starfsemi sem samræmist flokkunarkerfi ESB, 6. gr. EU Taxonomy.
- **Gagnsæi:** Með skuldabréfaútgáfunni þarf að birta fullnægjandi upplýsingar um úthlutun fjármuna með reglulegri skýrslugjöf.
- **Endurskoðun:** Evrópsk græn skuldabréf skulu yfirfarin af þriðja aðila. Hann á að tryggja að nýju reglugerðinni og EU Taxonomy sé fylgt. Hann skal vera skráður miðlægt og háður eftirliti evrópska verðbréfaeftirlitsins, ESMA, sjá t.d. 14. gr. frumvarps að reglugerð um EU GBS.

Efni um EU GBS

- Sjá frumvarp Evrópuþingsins og ráðherraráðsins að reglugerð, [hér](#)
- Umfjöllun á vefsíðu framkvæmdastjórnar ESB, [hér](#)
- Umfjöllun Clifford Chance, [hér](#)

II. Þrjár gerðir ESB um sjálfbærni – Ráðgjöf og sjóðir

Yfirlit yfir þrjár tilskipanir sem tóku gildi í ESB 2022. Þær varða sjálfbærni, upplýsingagjöf og áhættu í tengslum við fjármálaráðgjöf, sérhæfða sjóði og verðbréfasjóði. Tilskipanirnar eru allar á gildissviði EES-samningsins og bíða innleiðingar í íslenska löggjöf.

- Breytingar á lögum um markaði fyrir fjármálagæringa nr. 115/2021 (MiFID II), sbr. tilskipun ESB nr. 2021/1253, [hér](#) (íslensk þýðing [hér](#)). Umrædd reglugerð skyldar verðbréfafyrirtæki m.a. til að horfa til sjálfbærniþátta í rekstri sínum við skipulag, áhættustýringu, hagsmunaárekstra, fjárfestingarráðgjöf og við mat á hæfi og tilhlýðileika. Frumvarp til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar á Alþingi sbr. 3. tölulið 11. gr. frumvarpsins er [hér](#).
- AIFMD, varðar samþættingu sjálfbærniþátta við rekstur sérhæfðra sjóða, tilskipun ESB nr. 2021/1255, [hér](#)
- UCITS, varðar samþættingu sjálfbærniþátta við rekstur verðbréfasjóða, tilskipun ESB nr. 2021/43, [hér](#)

III. Sjálfbærniupplýsingar – gildandi löggjöf

Hér er yfirlit yfir gildandi lög skv. íslenskum rétti, reglur og viðmið fyrir fyrirtæki, fjárfesta, stjórnvöld og neytendur, til að skapa traust, gegnsæi og skilvirk samskipti. ESB gerir ráð fyrir að ný tilskipun, um sjálfbærniupplýsingar, CSRD, leysi þessar reglur af hólmi, sbr. kafla I – C.

- Í 66. gr. laga um ársreikninga, sérstaklega gr. 66-d, eru innleiddar reglur ESB um ófjárhagslegar upplýsingar (sjálfbærniupplýsingar). Það eru reglur tilskipunar ESB EU/2013/34, sbr. reglugerð [EU/2014/95](#).
- Ný tilskipun ESB hefur verið samþykkt og tekur gildi í áföngum frá byrjun árs 2024, CSDR sem fjallað er um nánar í kafla C.

Efni um reglur, leiðbeiningar og viðmið fyrir sjálfbærniupplýsingagjöf, sbr. ákvæði laga um ársreikninga og tilskipanir ESB frá 2013 og 2014

- Reglur í 65. 66., og 66. gr., a, b, c, d, e, laga um ársreikninga nr. 3/2006, [hér](#)
- Leiðbeiningar reikningsskilaráðs í 1. útgáfu 2022 sem og upplýsingar og framsetning í skýrslu stjórnar, [hér](#)
- Viðmið fyrir samræmda skýrslugerð (e. Integrated Reporting), [hér](#), og rammi fyrir hana, [hér](#)
- UFS leiðbeiningar Nasdaq 2.0, útg. febrúar 2020, [hér](#)
- GRI staðlar fyrir sjálfbærniupplýsingagjöf á vef GRI – Global Reporting Initiative, [hér](#)
- SDG Compass, vegvísir til að innleiða Heimsmarkmiðinn í rekstur, [hér](#)
- Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB:
 - frá 2017, nr. C 215/1, um ófjárhagslega upplýsingagjöf, [hér](#)
 - frá 2019, nr. C 209/1, viðbótarleiðbeiningar varðandi loftslagstengdar upplýsingar, [hér](#)

Flokkun fyrirtækja eftir stærð: XS / S / M / L

Í leiðbeiningum reikningsskilaráðs um skýrslu stjórnar eru félög flokkuð eftir stærð samkvæmt ársreikningalögum, sjá töflurnar hér að neðan. Þar er svo yfirlit yfir ákvæði um sjálfbærniupplýsingar.

Við mat á því hvaða upplýsingar skal veita í skýrslu stjórnar skiptir stærð fyrirtækis máli¹

	Heildareignir	Hrein velta	Meðalfjöldi ársverka
Örfélag	≤ 20.000.000	≤ 40.000.000	≤ 3
Lítið félag	≤ 600.000.000	≤ 1.200.000.000	≤ 50
Milli stórt félag	≤ 3.000.000.000	≤ 6.000.000.000	≤ 250
Stórt félag	3.000.000.000	6.000.000.000	≤ 250

¹ **Örfélag:** félag sem við uppgjörssdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur ofangreindum viðmiðunum.

Lítið félag: félag sem við uppgjörssdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur ofangreindum viðmiðunum.

Meðalstórt félag: félag sem er ekki lítið félag og sem við uppgjörssdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur ofangreindum viðmiðunum.

Stórt félag: félag sem við uppgjörssdag fer yfir mörkin á a.m.k. tveimur af þremur ofangreindum viðmiðunum.

FESTA

Miðstöð um sjálfbærni

Tilteknar lagagreinar um skýrslu stjórnar gilda um hvern stærðarflokk

Lög um ársreikninga nr. 3/2006	Lítill félög	Meðalstór félög	Stór félög	Móðurfélög stórra samstæðna	Einingar tengdar almannahagsmunum*	Félög með skráð hlutabréf**
65. gr.	X	X	X	X	X	X
66. gr.		X	X		X	X
66. gr. a						X
66. gr. b			X	X	X	X
66. gr. c			X	X	X	X
66. gr. d			X	X	X	X
66. gr. e***			X	X	X	X

* Félög sem tengjast almannahagsmunum eru félög með skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði, lífeyrissjóðir, lánastofnanir og váttryggingafélög auk eftirfarandi félaga ef þau teljast vera stór félög samkvæmt framangreindri flokkun: (a) stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki samkvæmt skilgreiningum raforkulaga, sem og lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga, (b) lögaðili sem hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir, (c) lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem og lögaðili sem hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi, (d) lögaðili sem hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti og (e) lögaðili sem sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum.

** Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í ríki innan EES, í EFTA eða í Færeyjum er jafnframt eining tengd almannahagsmunum.

*** Þessi grein fjallar um skýrslu um greiðslur til stjórnvalda sem tiltekin félög þurfa að veita ef þau stunda starfsemi í námuiðnaði eða við skógarhögg.

IV. Tvær gerðir ESB í vinnslu – Flokkunarkerfi (félaglegir þættir) & ábyrgð á virðiskeðju stórfyrirtækja

ESB vinnur nú að tveimur nýjum gerðum um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbæran rekstur. Annars vegar eru það félagsleg viðmið fyrir flokkunarkerfi ESB og hins vegar tilskipun um áreiðanleikakönnun á sjálfbærni fyrirtækja (CSDD).

Félagsleg viðmið í flokkunarkerfi ESB

Flokkunarkerfi ESB skilgreinir nú umhverfislega sjálfbæran rekstur. ESB vinnur nú að því að víkka gildissviðið þannig að þá nái einnig til félagslegra viðmiða. Sérfræðinefnd á vegum ESB vinnur að útfærslu sem má sjá meira um [hér](#). Í riti PRI, Implementing the EU Taxonomy 2022, eru einnig nánari upplýsingar einkum á bls. 14, 31 og 33, [hér](#).

CSDD – Corporate Sustainability Due Diligence Directive

Í febrúar 2022 var lögð fram tillaga að nýrri tilskipun sem er ætlað að skylda fyrirtæki til að framkvæma áreiðanleikakönnun á sjálfbærni í starfsemi sinni, þar með talið í virðiskeðju sinni. Markmið hennar verður að efla sjálfbærni og ábyrgð fyrirtækja sem og að stuðla að því að þau taki tillit til umhverfis- og mannréttindasjónarmiða. Auk þess verður fyrirtækjum gert að taka á skaðlegum áhrifum starfsemi sinnar. Sjá upplýsingar á yfirlitssíðu framkvæmdastjórnar ESB, [hér](#).

ESB vinnur einnig að sameiginlegri rafrænni gátt, **European single access point (ESAP)**. Þar verða geymdar fjárhagslegar og ófjárhagslegar upplýsingar, sjá nánar [hér](#).

V. Um grænþvott

Hugtakið grænþvottur er talsvert í deiglunni varðandi sjálfbæran rekstur, ábyrgar fjárfestingar og tengd mál. Hugtakið er þó ekki skilgreint með skýrum hætti í íslenskum lögum.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um lögfestingu á reglugerð ESB um EU Taxonomy, sem er flokkunarkerfi fyrir sjálfbæran rekstur. Í lið 11 í meðfylgjandi skýringum segir um grænþvott:

„Aðgengi að fjármálaafurðum sem miða að því að ná umhverfislega sjálfbærum markmiðum er skilvirk leið til að beina einkafjárfestingum í sjálfbæra starfsemi. Kröfur um að markaðssetja fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar, þ.m.t. kröfur sem aðildarríki og Sambandið setja til að gera aðilum á fjármálamarkaði og útgefendum kleift að nota landsbundin merki, miða að því að auka tiltrú og vitund um umhverfisleg áhrif þessara fjármálaafurða eða fyrirtækjaskuldabréfa til að skapa sýnileika og til að takast á við vanda tengdum „grænþvotti“. Í tengslum við þessa reglugerð vísar grænþvottur til þess að ósanngjarnir samkeppnisyfirburðir fást með því að markaðssetja fjármálaafurð sem umhverfisvæna þegar grundvallarumhverfisstaðlar hafa í reynd ekki verið uppfylltir“ [leturbreyting höfunda.]

Innleiðing regluverks ESB um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbæran rekstur vinnur markvist gegn grænþvotti og hjálpar fyrirtækjum og fjárfestum við sjálfbærniupplýsingagjöf. Hluti af þessu regluverki er EU Taxonomy, SFDR, CSRD og sjálfbærnistaðlar.

Almennt þurfa sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja að byggja á áreiðanlegum og viðeigandi upplýsingum sem gefa hlutlæga og heildstæða mynd af því sem um ræðir. Innlend og erlend stjórnvöld, fréttaveitur og fagtímarit hafa fengist við álitamál um grænþvott.

Efni um regluverkið, úr ýmsum miðlum

- Frétt frá The Guardian, 19. október 2022, „Watchdog bans HSBC climate ads in fresh blow to bank’s green credentials”, hér
- Frétt frá Reuters, 24. Október 2022, „Deutsche Bank's DWS sued by consumer group over alleged greenwashing“, hér
- Frétt frá The Telegraph, 8. júní 2022, „Tesco vegan burger adverts banned over ‘misleading’ environmental claims“, hér
- Frétt frá RÚV, 24. September 2022, „Mega ekki segja vörur sínar vistvænar“, hér
- Frétt frá Seðlabanka Íslands, 6. desember 2022, um grænþvott og viðmiðunarreglur um notkun sjálfbærnitengdra hugtaka, hér
- Grein frá Neytendastofu, 11. febrúar 2022, um að helmingur „grænna“ fullyrðinga fyrirtækja sé órökstuddur, [hér](#)
- Skýrsla ItaSIF (Italian Sustainable Investment Forum) um grænþvott, [hér](#). Eftirfarandi eru vegvísar þeirra fyrir fyrirtæki til að forðast grænþvott.
 - Skilgreina og birta eigin sjálfbærnimarkmið
 - Lýsa hvernig markmiðunum verði náð, hvenær og hvernig
 - Útskýra aðferðarfræði til að meta mælikvarða fyrir markmiðin.
 - Útskýra hvaða sjálfbærni gögn á að nota, hvaðan koma þau og hve áreiðanleg þau eru hverju sinni.
- Ráðlegt er að birta ekki gögn nema þau byggi á áreiðanlegum og traustum heimildum. Það getur verið krefjandi, enda er enn mikill skortur á sjálfbærniupplýsingum frá fyrirtækjum.

VI. Tímalína fyrir innleiðingu EU Taxonomy, SFDR og CSRD

Hér eru tímalínur fyrir tvær reglugerðir ESB, EU Taxonomy og SFDR, sem gera má ráð fyrir að verði lögfestar á Íslandi á fyrri hluta árs 2023 og taki gildi í áföngum frá 1. júní 2023. Sjá nánar í kafla II A og B hér að ofan. Einnig eru upplýsingar um líklega tímalínu innleiðingar væntanlegrar tilskipunar ESB um sjálfbærniupplýsingar, CSRD, sbr. umfjöllun í kafla II C hér að framan.

Nokkrar erlendar tímalínur fyrir fyrir Taxonomy, SFDR og CSRD, o.fl.

- ESMA – Sustainable finance. Timeline for SFDR, TR, CSRD, MiFID, UCITS & AIFMD, [hér](#)
- Eurosif – Milestones of the EU Taxonomy, [hér](#)
- Eurosif – Overview of disclosure requirements, EU Sustainable Finance, [hér](#)

A. Tímalína, mikilvæg skref við innleiðingu EU Taxonomy nr. 2020/852

Upplýsingaskyldur fyrirtækja í ársskýrslum 2024 (og áfram) sem falla undir 66. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga

	2023 (fjárhagsárið 2022)	2024 (fjárhagsárið 2023)	2025 (fjárhagsárið 2024)
Ófjárhagsleg fyrirtæki	Birta upplýsingar um taxonomy-hæf gögn	Birta upplýsingar um taxonomy-hæf og taxonomy-aðlöguð gögn	Upplýsingar um taxonomy-hæf og taxonomy-aðlöguð gögn
Fjárhagsleg fyrirtæki		Upplýsingar um taxonomy-hæf og taxonomy-aðlöguð gögn	Upplýsingar um taxonomy-hæf og taxonomy-aðlöguð gögn

- Upplýsingaskylda í [ársskýrslum](#) 2024 fyrir fjárhagsárið 2023 (og áfram) sbr. 5.-7 gr. Taxonomy reglugerðar: Sjá neðangr. töflu.
- Upplýsingaskylda í [samningsgerð vegna fjármálaafurða](#) frá og með 1. júní 2023 sbr. 5.-7 gr. Taxonomy reglugerðar: Sjá neðangr. töflu.
- Upplýsingaskylda í [ársskýrslum](#) 2024 fyrir fjárhagsárið 2023 (og áfram) sbr. 5.-7 gr. Taxonomy reglugerðar: Sjá neðangr. töflu.
- Upplýsingaskylda í [samningsgerð vegna fjármálaafurða](#) frá og með 1. júní 2023 sbr. 5.-7 gr. Taxonomy reglugerðar: Sjá neðangr. töflu.

B. Tímalína, mikilvæg skref við innleiðingu SFDR nr. 2019/2088

1. júní 2023	1. júní 2023	Í ársskýrslum frá 2024
Skyldur um birtingu fyrir samningsgerð	Skyldur um birtingu upplýsinga á vefsíðum	Sjálfbærniupplýsingar í reglubundnum skýrslum
Upplýsingar hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir sbr. 6. gr.	Upplýsingar um hvernig sjálfbærniáhætta fellur inn í fjárfestingarákvarðanatökufæri sbr. 3. gr.	Upplýsingar um eflingu umhverfis- og félagslegra þátta sbr. 8. og 11. gr. og 6. gr. EU Taxonomy
Upplýsingar um hvort og hvernig fjármálaafurð tekur tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni sbr. 7. gr.	Upplýsingar um hvort tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti (PAI's) sbr. 4. gr.	Upplýsingar í tengslum við sjálfbærar fjárfestingar sbr. 9. og 11. gr. og 5. gr. Taxonomy
Upplýsingar hvernig fjármálaafurð eflir umhverfislega eða félagslega þætti sbr. 8. gr. og 6. gr. Taxonomy	Upplýsingar hvernig starfskjarastefnur samræmast sjálfbærniáhættu sbr. 5. gr.	Upplýsingar ef fjármálaafurð fellur ekki undir 8.-9. gr. SFDR sbr. 7.gr. Taxonomy
Upplýsingar um fjármálaafurðir sem hafa sjálfbærara fjárfestingu að markmiði sbr. 9. og 5. gr. Taxonomy		
Upplýsingar ef fjármálaafurð fellur ekki undir 8. og 9. gr. SFDR sbr. 7. gr. Taxonomy		

C. Sjálfbærnisráðgjafur, CSRD, mikilvæg skref við innleiðingu í ESB (Ísland óráðið)

Sjálfbærnisráðgjafur 2025 (fjárhagsárið 2024)	Sjálfbærnisráðgjafur 2026 (fjárhagsárið 2025)	Sjálfbærnisráðgjafur 2027 (fjárhagsárið 2026)
Félög sem falla undir NFDR (innleidd með 66. gr. d) birta sjálfbærnisráðgjafu skv. CSRD	Stór fyrirtæki sem falla ekki undir NFDR, sbr. 4. mgr. 3. gr. ársreikningstilsk.	Lítill og meðalstór fyrirtæki skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.

VII. Um áhrif sjálfbærniregluverks ESB fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Lítill og meðalstór fyrirtæki falla strangt til tekið ekki undir sjálfbærniregluverk ESB. Það er því eðlilegt að velta fyrir sér hlutverki þeirra eftir gildistöku laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu og um flokkun sjálfbærra fjárfestinga. Lítil og meðalstór fyrirtæki þurfa að forgangsraða fjármunum sínum enn betur en stór fyrirtæki. Það er því mikilvægt að skýra betur hvers vegna minni félög ættu að verja tíma og fjármunum í að undirbúa sig fyrir nýja regluverkið. Hér eru nokkrar ástæður þess að það geti borgað sig.

Stærra gildissvið

Gildissvið sjálfbærniregluverks ESB er að víkka út. Mörg félög sem regluverkið nær ekki til í dag munu brátt falla undir það. Þetta er lifandi regluverk sem mun breytast í náinni framtíð.

Þrýstingur frá neytendum

Neytendur leggja í sífellt meiri áherslu á að vörur eða þjónusta séu græn. Með því að auka áherslu á sjálfbærni geta lítil og meðalstór fyrirtæki því skapað sér forskot í smásölu.

Aðfangakeðjan

Regluverkið lifir ekki í tómarúmi heldur hefur áhrif langt út fyrir gildissvið sitt. Stór félög þurfa flest að taka til í aðfangakeðju sinni til þess að standast skilyrði regluverksins og munu í auknum mæli leita til birgja sem geta sýnt fram á sjálfbærari starfsemi. Lítil og meðalstór fyrirtæki sem vilja vera umhverfisvæn ættu því að skapa sér samkeppnisforskot.

Fjármögnun

Fjárfestar og lánveitendur þurfa að birta upplýsingar um hve sjálfbær eignasöfn þeirra eru samanber þær reglugerðir sem innleiddar verða á Íslandi og farið var yfir í skjali þessu. Það er viðbúið að þessir aðilar vilji hafa eignasöfn sín sem sjálfbærust. Félög sem standast skilyrði regluverksins ættu því að vera í betri fjármögnunarstöðu en önnur. Þá er fjárfesting í óumhverfisvænni/ósjálfbærri atvinnustarfsemi að jafnaði áhættusamari en sambærileg fjárfesting í sjálfbærri starfsemi. Fjárfesting gæti rýrnað hratt ef stjórnvöld auka kröfur til ósjálfbærrar atvinnustarfsemi, til dæmis með sköttum eða nýjum starfsleyfisskilyrðum. Enn fremur þurfa útgefendur grænna skuldabréfa og rekstraraðilar grænna sjóða að laga sig að regluverkinu.

Umbun frá hinu opinbera

Regluverkið gerir hinu opinbera kleift að verðlauna félög sem standa betur í sjálfbærni. Það er líklegt að ríkið nýti þann möguleika til að ná markmiðum sínum í loftslagsmálum, til dæmis með ívilnandi skattlagningu. Auk þess leggur hið opinbera áherslu á sjálfbærni í útboðsskilmálum. Félög sem huga að sjálfbærnimálum eru almennt líklegri til að selja gæði til hins opinbera.